

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Ásahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Ásahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Húsar.

Breytingin tekur til lóðar Áshamra (áður Húsar 1). Í breytingunni felst breyting á skilmálum á þann veg að byggingarmagn á byggingarreit B1 verði 450 fm í stað 200 fm. Á lóðinni er heimilt að byggja íbúðarhús og bílskúr.

Samþykkt í sveitarstjórn 15. mars 2023.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 12. maí 2023.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.